



Borgarráð

Tækniskólinn - færsla á bílastæðum yfir á hluta Vitastígs vegna fyrirhugðrar breytingar á deiliskipulagi.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi samkomulag Reykjavíkurborgar við Hallgrímskirkju og fasteignir ríkissjóðs um tilfærslu bílastæða og gjaldskyldu bílastæða á hluta lóðar Tækniskólans með fyrirvara um samþykki deiliskipulags sem tekur m.a. til lóðar Tækniskólans.

Greinargerð: Nú stendur yfir vinna við að breyta deiliskipulagi á reit sem afmarkast af Bergþórugötu, Vitastíg, Frakkastíg og lóð Tækniskólans. Við þá breytingu er gert ráð fyrir að bílastæði Tækniskólans sem eru nú á lóðum Bergþórugötu 10 og 12 færist yfir á Vitastíg sem er austan við Tækniskólann og verður hann lokaður með aðgangsstýringu sem Reykjavíkurborg kostar tilfærslu á. Gert er ráð fyrir að bygging muni rísa á Bergþórugötu 10 og 12. Þá er í annan stað gert ráð fyrir í samkomulaginu að gjaldskylda verði sett á lóð sem er sunnan við Tækniskólann og skráð í eigu Reykjavíkurborgar, fasteigna ríkissjóðs og Hallgrímskirkju og liggur milli lóðar kirkjunnar og Tækniskólans.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Samkomulag um bílastæði Tækniskólans og gjaldskyldu stæða

Afstöðumynd lóðar


Deiliskipulagsdrög

SAMKOMULAG UM BÍLASTÆÐAMÁL

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, Ráðhúsinu í Reykjavík annars vegar og Tækniskólinn Skólavörðuholti 531202-3410 Ríkiseignir 690981-0259, gera með sér svofellt samkomulag vegna breytinga á deiliskipulagi fyrir Tækniskólann sem afmarkast af meðfylgjandi tillögu að breyttu deiliskipulagi.

1. Lóðirnar nr. 10 og 12 við Bergþórugötu verða endurskipulagðar og verður ráðgert að á þeim rísi byggingar í samræmi við nærliggjandi byggðarmynstur. Með þeirri breytingu falla niður þau stæði sem Tækniskólinn hefur haft til einkaumráða til afnota fyrir kennara skólans á umræddum lóðum.
2. Í stað þess fær Tækniskólinn ótímabundinn afnotarétt af stæðum sem liggur upp við Austurbæjarskólanum þ.e. Vitastígsmegin upp frá Bergþórugötunni. Þessi afnotaréttur er í gildi einungis við Tækniskólann og er hann óframseljanlegur. Flytji skólinn af núverandi stað fellur afnotaréttur þessi niður.
3. Reykjavíkurborg greiðir þann kostnað sem hlýst af flutningi núverandi aðgangsstýringu (hlið) niður að mótum Vitastígs og Bergþórugötu eins og haganlegt þykir m.t.t. umferðaröryggismála.
4. Með lokun umræddrar götu hefur Tækniskólinn afnotarétt af götunni sbr. þó 5. tl.
5. Íbúar og eða eigendur eigna í húsinu nr. 20 við Bergþórugötu og húsinu nr. 18 við sömu götu, þegar það hefur byggst, hafa afnot af umræddum stæðum miðað við eðlilega stæðisnotkun og skulu þeir fá afhent aðgangskort til þess að opna hlið að stæðunum.
6. Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki borgarráðs.


Reykjavík JAN/2018


Fh. Ríkiseigna


f.h. Tækniskólans 

f.h. Reykjavíkurborgar

Vottar að rétttri undirskrift, fjárræði og dagsetningu:



080565-464

SAMKOMULAG UM GJALDSKYLDU STÆÐA VIÐ TÆKNISKÓLANN

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, Ráðhúsinu í Reykjavík annars vegar og Tækniskólinn Skólavörðuholti 531202-3410 Ríkiseignir 690981-0259 og Hallgrímskirkja kt. 580174-0279, Skólavörðuholti, samþykkja að:

1. að komið verði á gjaldskyldu á lóð sunnan við skólann, sbr. meðfylgjandi mæliblað.
2. Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki borgarráðs.

Reykjavík *JAN*/2018




f.h. Ríkiseigna

f.h. Reykjavíkurborgar

 **Tækniskólinn**
skóli atvinnulífsins 


f. h. Tækniskólans



f.h. Hallgrímskirkju



Vottar að rétttri undirskrift, fjárræði og dagsetningu:


530269-7609

Hjálagt

Mæliblað fyrir bílastæðalóð að sunnanvörðu milli Tækniskólans og Hallgrímskirkju.

